

## Viðbrögð við grein DV um Skjól hjúkrunarheimili - 28. ágúst 2020

Kæru aðstandendur.

Í dag, föstudag, birtist grein í DV þar sem fram koma vægast sagt ómaklegar ásakanir í garð hjúkrunarheimilisins Skjóls. Í greininni eru ýmsar fullyrðingar sem eiga ýmist ekki við nein rök að styðjast eða byggja á misskilningi. Óhætt er að segja að umfjöllunin gefi afar ranga mynd af Skjóli, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Sem dæmi um rangfærslur má m.a. nefna órökstudda fullyrðingu um aðkomu lækna heimilisins. Þar sem segir að læknir komi aðeins einu sinni í viku á Skjól. Hið rétta er að læknir kemur daglega á heimilið auk þess sem læknar sinna bakvakt allan sólahringinn, árið um kring. Þá er einnig fullyrt að mönnun sé ábótavant, en hið rétta er að hún hefur verið aukin. Hlutfall faglærðra starfsmanna hefur einnig verið aukið, sem er afar ánægjulegt í þeirri miklu samkeppni sem ríkir á vinnumarkaði heilbrigðisstarfsfólks.

Hér er ekki ætlunin að tíunda allar þær fráleitu ásakanir sem þarna koma fram, en það er óhætt að segja að fyrirhuguð umfjöllun, sem okkur var gert viðvart sl. miðvikudag, af hálfu blaðamanns DV hafi komið okkur á óvart. Þar gaf blaðamaður okkur kost á að svara ellefu spurningum fyrir miðnætti þann dag, þar sem hver fullyrðingin rak aðra. Það gerðum við samviskulega og leiðréttum ýmist misskilning eða höfnuðum fullyrðingum sem átti ekki við nein rök að styðjast. Óhætt er að segja að blaðamaður hafi gert lítið með þær skýringar enda áhuginn líklega ekki fyrir hendi enda tilgangurinn væntanlega að búa til æsifrött. Mest af öllu þykir okkur þó miður, að heimildamenn DV skuli vera úr röðum starfsmanna Skjóls, sem aldrei hafa áréttað það sem þarna kemur fram við yfirmenn sína eða trúnaðarmann starfsmanna á Skjóli.

Við biðjum ykkur öll að hafa ekki áhyggjur af þessari ómaklegu umfjöllun. Lífið gengur sinn góða vanagang á Skóli og við óskum ykkur öllum góðrar helgar.

Meðfylgjandi er grein DV og spurningar blaðamanns og svör Skjóls.

28. ágúst 2020.

**F.h. Skjóls, Guðný Helga Guðmundsdóttir forstöðumaður hjúkrunar.**